

**Fundur skipulagshóps vegna Nýtingaráætlunar Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða, haldinn miðvikudaginn 18. september 2013, frá kl 11.30 til 14:30 í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða, á Ísafirði og í gegnum fjarfundabúnað.**

Mættir voru	Hagsmunaaðilar
Einar Valur Kristjánsson	Útvegsmannafélag Vestfjarða
Ester Rut Unnsteinsdóttir	Súðavíkurhreppur
Friðrik Friðriksson	LÍÚ
Gísli Halldór Halldórsson	Ísafjarðarbæ
Gísli Jón Kristjánsson	Leyfishafar til rækjuveiða
Guðmundur V Magnússon	Íslenska Kalkþörungafélagið
Hafdís Sturlaugsdóttir	Strandabyggð
Jón Gísli Jónsson	Strandabyggð
Kristján G. Jóakimsson	Landssamband fiskeldisstöðva
Ómar Már Jónsson	Súðavíkurhreppur
Ragnheiður Hákonardóttir	Náttúruverdarsamtök Vestfjarða
Rúnar Óli Karlsson	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Salvar Baldursson	Dúnland
Sigurður Kjartan Hálfðánsson	Elding
Stella Guðmundsdóttir	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Þorleifur Pálsson	Landssamband Veiðifélaga
<b>Eftirtaldir mættu á fjarfund</b>	
Elías Oddsson	Aðilar í Kræklinga/ skelrækt
Guðbergur Rúnarsson	Landssamband fiskeldisstöðva
<b>Eftirtaldir boðuðu forföll</b>	
Arnþór Jónsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Elías Jónatansson	Bolungarvíkurkaupstaður
Hilmar Pálsson	Sæfari
Ketill Elíasson	Bolungarvíkurkaupstaður
Kristján Andri Guðjónsson	Ísafjarðarbæ

Auk þeirra voru á fundinum Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, Gunnar Páll Eydal Teiknistofunni Eik og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri, Fjórðungssambands Vestfirðinga sem einnig ritaði fundargerð.

### 1. Kynning á fulltrúum

Aðalsteinn Óskarsson setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Til fundarins var boðað á grundvelli samþykktar 57. Fjórðungspings Vestfirðinga árið 2012, um áframhaldandi vinnu að gerð strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði í framhaldi af vinnu við gerð strandsvæðaskipulags í Arnarfirði.

Eftirfarandi fundargögnum var dreift:

- ✓ Kynning og áætlun verkefnisins
- ✓ Starfsreglur skipulagshóps
- ✓ Greining skipulagshóps - spurningar

Fundarmenn kynntu sig og fyrir hvaða hagsmunaaðila þeir sitja. Farið var yfir lista hagsmunaaðila í skipulagshópi og bent á að ef aðilar teldu að fulltrúa ákveðins hóps vantaði á listann þá væri gott að fá ábendingar sem fyrst um það.

Gunnar Páll benti á að nefnd um nýtingaráætlunina, sem skipuð er fulltrúum sveitarstjórna, stýrir verkefninu. Þessir fulltrúar eru jafnframt í skipulagshópnum sem er nefndinni til ráðgjafar. Fjórðungssambandið og ráðgjafi (Teiknistofan Eik) halda utan um vinnuna við verkefnið. Nánar er fjallað um þetta í starfsreglum skipulagshóps.

Gert var hlé á fundinum og gengið til opinnar kynningar um verkefnið.

### *2. Opin kynning á verkefninu í kaffistofu Háskólaseturs Vestfjarða*

Jamie Alley stundakennari við meistaranám Háskólaseturs Vestfjarða var með kynningu á ensku um skipulagsmál á strandsvæðum. Glærur verða aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins:  
[www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup\\_og\\_jokulfirdir/](http://www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup_og_jokulfirdir/)

Aðalsteinn Óskarsson og Gunnar Páll Eydal fóru yfir og kynntu verkefnið Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða. Glærur verða aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins:  
[www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup\\_og\\_jokulfirdir/](http://www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup_og_jokulfirdir/)

Fundur settur að nýju í fundarsal Þróunarseturs.

### *3. Fundur skipulagshóps*

Gerð var tillaga um Aðalstein Óskarsson sem fundarstjóra og Lína Björg Tryggvadóttir skráði fundargerð. Tillagan samþykkt.

Aðalsteinn kynnti að Gunnar Páll myndi stjórna vinnu hópsins og gaf honum orðið.

#### *i) Væntingar og verklag - umræður*

Gunnar Páll óskaði eftir viðbrögðum hópsins við innihaldi, áherslum og verklagi sem kynnt hefur verið. Kristján Jóakimsson spurði nánar um hugmyndir sveitarfélaga varðandi framtíðarnýtingu svæðisins.

Gísli Halldór svaraði fyrir hönd Ísafjarðarbæjar - það er slæmt fyrir sveitarfélög að hafa ekki skipulagsvald yfir svæðunum. Ísafjarðarbær vill fá stefnumarkandi skjal varðandi nýtingu svæðisins.

Ómar svaraði fyrir hönd Súðavíkurhrepps - Hreppurinn hefur ekki markað sér stefnu um nýtingu strandsvæða. Hann benti á að sveitarfélögin séu umsagnaraðilar þegar t.d. leyfi fyrir fiskeldi eða efnistöku eru veitt. Þau hafa hins vegar ekkert um málið að segja að öðru leyti. Mikilvægt er að skipulagsvaldið færist á hendur sveitarfélagana sem eiga hagsmuna að gæta – Þessi vinna skiptir einnig miklu máli varðandi atvinnutækifæri. - Það er því von Súðavíkurhrepps að þessi vinna muni hjálpa til við að móta stefnu og hún notuð til viðmiðunar þegar gefa þarf þesskonar leyfi.

Jón Gísli svaraði fyrir Strandabyggð – Sveitarstjórnin hefur ekki náð að setja sér stefnu en þau vilja marka sér framtíðarsýn með þessari vinnu.

Engin fulltrúi mætti fyrir Bolungarvíkurkaupstað til að svara fyrir þeirra hönd.

Gunnar Páll fór yfir meginþemu verkefnisins, þ.e.:

- Yfirlit yfir núverandi nýtingu
- Lýsingu á staðháttum og öðrum forsendum
- Framtíðarsýn og áætlun um nýtingu

Skipulagshópurinn er sammála um þær áherslur og það verklag sem lagt er upp með í verkefninu.

*ii) Samsetning skipulagshóps*

Gunnar Páll og Aðalsteinn fóru yfir samsetningu skipulagshópsins og óskuðu eftir viðbrögðum við hennni.

Rætt var um hvort efnistökuáðilar (sandur/möl) ættu að eiga fulltrúa í hópnum. Ákveðið var að skoða það nánar í komandi vinnu.

Í framhaldinu var rætt um mikilvægi rannsókna og gagnaöflunar í þessari vinnu. Hópurinn er sammála um að tilgreina í vinnunni þær rannsóknir sem skortir.

Sigurður Kjartan Hálfðánsson vék af fundi.

*iii) Starfsreglur skipulagshóps*

Gunnar kynnti starfsreglur skipulagshóps. Opnað fyrir umræðu en engar athugasemdir komu fram og tillaga um starfsreglur starfshópsins voru samþykktar og verður unnið eftir þeim.

*iv) Greiningarvinna skipulagshóps*

Gunnar kynnti fyrirhugaða greiningarvinnu skipulagshóps. Fulltrúum hópsins er ætlað að svara spurningunum í skjalinu *greining skipulagshóps – spurningar* sem dreift var á fundinum.

Fundarmenn eru beðnir um að vinna þessa greiningarvinnu með sínum hópi og skila ekki síðar en föstudaginn 11. október.

Starfsmenn munu halda áfram að vinna að gagnasöfnun.

Næsti fundur hjá skipulagshópnum er 18. nóvember.

Sendur verður tölvupóstur með fundargerð og gögnum en þau verða einnig aðgengileg á heimasíðu verkefnisins: [http://www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup\\_og\\_jokulfirdir/](http://www.vestfirdir.is/verkefni/isafjardardjup_og_jokulfirdir/)

Í lok fundar var korti af svæðinu dreift. Kortið má nota til að merkja inn upplýsingar í tengslum við greiningarvinnuna.

Bent var á að gott væri að fá ábendingar um þau gögn sem eru til en starfsmenn vita ekki af eða hafa ekki aðgang að.

Fundi slitið kl. 14:32.